



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Líknarsjóðurinn Ljósberinn

– Björg Þórhallsdóttir sópran og Kristján Jóhannsson tenór
á styrktartónleikum 15. desember

Undanfarin ár hefur Líknarsjóðurinn Ljósberinn starfað við Akureyrarkirkju. Hann var stofnaður til minningar um sr. Þórhall Höskuldsson, fyrrverandi sóknarprest við kirkjuna, sem var mjög umhugað um líknar- og velferðarmál. Prestar kirkjunnar sjá um að úthluta úr sjóðnum. Á þessu ári hefur verið veitt hátt á aðra milljón króna úr sjóðnum, til einstaklinga og fjölskyldna, en einnig til verkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Sumarbúðir fyrir einstæða foreldra og börn þeirra var meðal þess sem fékk styrk úr sjóðnum. Það verkefni þótti takast einstaklega vel og verður ábyggilega framhald á því næsta sumar.

Nú líður að jólum og þá kemur sér vel að þessi sjóður skuli vera starfandi þegar svo þröngt er í búi hjá mörgum. Árlegir styrktartónleikar fyrir sjóðinn verða haldnir í Akureyrarkirkju miðvikudaginn 15. desember næstkomandi. Á tónleikunum



Kristján Jóhannsson.

koma fram Björg Þórhallsdóttir sópran og Kristján Jóhannsson tenór en Björg á frumkvæðið að þessum tónleikum og hefur skipulagt þá síðustu ár. Tónleikarnir ásamt fjáröflun og

gjöfum tengdum þeim hafa verið kjölfestan í fjáröflun sjóðsins, ásamt gjöfum sem honum hafa borist og framlögum í ljósbera (ljósaaltari) kirkjunnar. Kórar kirkjunnar koma einnig fram á tónleikunum ásamt fjölda hljóðfæraleikara og organistum kirkjunnar. Allir sem að tónleikunum koma gefa vinnu sína. Miðaverð er kr. 2000 og rennur andvirði miðasölu óskert til sjóðsins. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og á efniskránni eru íslensk og erlend jóralög. Forsala aðgöngumiða er í Eymundsson, Hafnarstræti.

Hægt er að gefa ábendingar eða koma á framfæri umsóknum um framlög úr sjóðnum til presta Akureyrarkirkju og er farið með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Sjóðurinn er í vörslu Akureyrarkirkju og hægt er að leggja fjárframlög inn á reikning sjóðsins 0302-13-701414, kt. 410169-6149.



Björg Þórhallsdóttir.

Adrenalín gegn rasisma í Laufási

Fjölmenningarstarf fyrir unglinga af íslenskum og erlendum uppruna sem fer fram í kirkjunni hvern fimmtudag frá klukkan 17:30-19:30.

Helgina 12-13. nóvember fórum við út í Laufás og áttum þar ævintýrlegan sólarhring þar sem snjórin umlukti okkur, þar var svo sannarlega tekist á við náttúruöflin en þess á milli áttum við m.a. sögustund á baðstofu-lofti gamla bæjarins og spiluðum blickmann inn í þjónustuhúsi. Um 30 unglingar tóku þátt en virðing og vinátta eru einkunnarorð starfsins.

Umsjón hafa Séra Hildur Eir Bolladóttir og Sunna Dóra Möller.



Laufás.



Jón Knutsen með skyndihjálparfræðslu á foreldramorgni.

Foreldramorgnarnir í Akureyrarkirkju

Foreldramorgnarnir hafa farið vel af stað í vetur, mætingin er jöfn og góð og andrúmsloftið jafn heilnæmt og upp á Vaðlaheiði.

Á hverjum miðvikudagsmorgni frá klukkan 9:30 til 11:30 koma foreldrar

saman með ungangana sína í Safnaðarheimilinu. Þá er mikið spjallað og hlegið á meðan ungarnir drekka brjóst eða æfa höfuðlyftingar á gólfðýnu. Stundum fáum við fræðslu og er hún af ýmsum toga, skyndihjálpar, ungbarnanudd eða

förðun fyrir uppteknar mæður sem fá úthlutað takmörkuðum tíma á morgnana. En umfram allt erum við saman af því að við eigum börn og erum manneskjur og annað þarf ekki til. Umsjón hefur Séra Hildur Eir Bolladóttir.



Af barna- og æskulýðsstarfinu

Barna- og æskulýðsstarfið í Akureyrarkirkju hefur farið vel af stað í vetur. **Sunnudagaskólinn** er á sínum stað á sunnudögum í Safnaðarheimilinu kl. 11.00. Stundirnar eru byggðar upp af miklum söng, biblíusögum og brúðuleikritum. Börnin fá í hvert skipti mynd til að lita og verkefni til að leysa. Eftir sunnudagaskólann drekka börnin djús og foreldrarir geta fengið sér kaffi og spjallað saman á meðan börnin lita myndina sína. Það skiptir miklu máli að fólk geti átt þetta samfélag í kirkjunni og það hefur, sem af er vetri, staldrað við í góða stund að loknum sunnudagaskólanum. Sunnudagaskólakennarar í vetur eru Sunna Dóra Möller, Heimir Bjarni Ingimarsson og Hjalti Jónsson.

Kirkjukrakkar er kirkjustarf sem fer fram í Safnaðarheimilinu á miðvikudögum kl. 16.00-17.00 og er fyrir krakka í 1.-4. bekk. Í kirkjukrökkum höfum við verið að vinna með bókina Ósýnilegi vinurinn eftir Karin Vinje. Við lesum kafla í bókinni, segjum biblíusögur sem tengjast þeim, vinnum verkefni og förum í leiki. Reglulega er starfið brotið upp og stundum fáum við eitthvað gott í gogginn. Í vetur höfum við lagt sérstaka áherslu á að kenna börnunum að biðja bænirnar sínar. Þau máluðu bænasteina sem við notum í hverri bænastund í lok samveru og þeir eru notaðir þeg-



Krakkar úr TTT-starfinu.

ar þau læra að leggja fram sín bænarefni á einfaldan og fallegan hátt. Leiðtogar í kirkjukrökkum í vetur eru Sunna Dóra Möller og Erla Guðjónsdóttir.

TTT-starfið er á miðvikudögum í Safnaðarheimilinu kl. 17.00-18.00 og er fyrir krakka í 5.-7. bekk. TTT-starfið er ólíkt kirkjukrökkum að því leyti að meira er farið út í vinnu sem er líkt því sem gerist í æskulýðsfélögum. Við leikum okkur mikið og tölum saman um lífið og tilveruna. Við höfum einnig tekið upp að nota bænasteina til að

kenna börnunum að orða bænir í bænastundum í lok hverrar stundar. TTT-starfið er vaxandi starf og nú sækja um 20 börn hverja samveru vikulega. Við stefnum á TTT-mót á vorönninni sem börnin hlakka mikið til að sækja. Leiðtogar í vetur eru Sunna Dóra Möller, Óli Dagur Valtýsson og Hafsteinn Jóhannsson.

Æskulýðsfélagið ÆFAK er starf fyrir ungmenni í 9. og 10. bekk og fer fram í Safnaðarheimilinu á miðvikudagskvöldum kl. 20.00-21.00. Unglingastarfið er byggt upp með leikjum, fræðslu og spjalli. Það sem rís hæst yfir vetrartímamann er þátttaka á landsmóti ÆSKP en það var haldið á Akureyri núna í október. 22 ungmenni sóttu mótið frá Akureyrarkirkju. Mótið í ár var tileinkað góðgerðastarfi og börnin tóku þátt í ýmis konar vinnu þessa helgi en með þeirri vinnu söfn-

uðu þau peningum til að leysa börn úr þrælahaldi á Indlandi. Óhætt er að segja að ungmennin frá Akureyrarkirkju hafi verið til mikils sóma á þessu móti og þau stóðu sig öll vel og tóku af áhuga þátt í allri þeirri dagskrá sem var í boði á mótinu. Leiðtogar í ÆFAK í vetur eru Sunna Dóra Möller, Eva María Karvelsdóttir og Hafdís Davíðsdóttir.

Það er óhætt að segja að það sé líf og fjör í barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar í viku hverri og börn á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Styrkjum Mæðrastyrksnefnd

Unglingastarf kirkjunnar stendur fyrir fjárfunarbíngi þann 2. desember nk. kl. 20.00 í Safnaðarheimili kirkjunnar. Allur ágóði af bínginu rennur til Mæðrastyrksnefndar fyrir jólin. Í hléi verða í boði vöffur og kaffi handa gestum. Verið velkomin.

Leikhúsið 10 fingur í Akureyrarkirkju

Þann 1. desember, kl. 16.00 kemur leikhúsið 10 fingur í heimsókn í Akureyrarkirkju með sýninguna Jólaleikur. Það er Helga Arnalds sem stýrir leikhúsinu og hafa sýningar leikhússins hlotið almenna viðurkenningu fyrir fallegt handbragð og hugvitsemi í leikbrúðulist. Helga hefur hannað leikmyndir, brúður og grímur fyrir hin ýmsu leikhús og sjónvarp. Jólaleikur er falleg og skemmtileg útfærsla á jólaguðspjallinu þar sem mikil áhersla er lögð á þátttöku barnanna. Verið velkomin.



Lukkupakkasala er bluti af fjárfunarstarfi Kvenfélags Akureyrarkirkju.

Tvær stórgjafir

Á 70 ára afmæli Akureyrarkirkju, sem minnst var með hátíðarguðsþjónustu 14. nóvember síðastliðinn, bærust kirkjunni tvær höfðinglegar gjafir.

Annars vegar var þar um að ræða nýjan dregil á kirkjugólflið en sá gamli var farinn að láta mjög á sjá. Keypt var vandað teppi í sama lit. Gefandi var Kvenfélag Akureyrarkirkju. Konurnar í félaginu hafa lengi verið einn helsti bakhjarl kirkjunnar og kirkjustarfsins. Starf félagsins er blómlegt og er félagsysturum þakkað liðsinnið og hlýhugurinn sem þær sýna kirkju sinni.

Hins vegar var stofnaður sérstakur

sjóður til styrktar barna- og æskulýðsstarfi í Akureyrarkirkju. Sjóðurinn er myndaður með rausnarlegu stofnframlagi fjölskyldu sr. Birgis heitins Snæbjörnssonar sem um áratugi þjónaði við kirkjuna. Starf meðal bernskunnar og æskunnar var sr. Birgi sérstaklega hugleikið. Á sjötugsafmæli kirkjunnar er vel við hæfi að líta til framtíðar og huga að unga fólkinu, sem er framtíð kirkjunnar.

Hér er þakkað fyrir báðar þessar höfðinglegu gjafir.

Númer styrktarsjóðsins er 0302-13-701515, kt. 410169-6149.



Minjasafnskirkjan í Imbænum í jólabúningi. Þar verður messað annan í júlum kl. 17.00.



Séra Guðrún Eggertsdóttir og Valgerður Valgarðsdóttir djákni.

Aðventa og jól á FSA

7. desember kl. 14.30.

Guðsþjónusta á aðventu í Kristnesi (dagstofu Ö-deildar).

Valgerður Valgarðsdóttir djákni prédikar. Séra Guðrún Eggertsdóttir þjónar fyrir altari. Organisti er Birgir Helgason.

Í lok stundarinnar verða Birgi organista þökkuð störf liðinna ára. Allir velkomnir.

20. desember kl. 19.00 kemur Karla-kór Akureyrar-Geysir og syngur fyrir

sjúklinga, starfsfólk og gesti FSA. Faríð verður milli deilda.

25. desember, jóladagur kl. 15.30. Jólástund með hátíðasöngvum á deildum FSA.

Sr. Guðrún Eggertsdóttir og Valgerður Valgarðsdóttir, djákni, þjóna ásamt kór og organista Akureyrarkirkju. Allir hjartanlega velkomnir.

Fyrirbæstund er alla miðvikudaga kl. 11.15 í kapellu FSA. Opin öllum.

Stöðugt fjölgar í barnakórnum

Það fjölgar stöðugt í barnakórnum, enda hefur verið nóg að gera hjá þeim í haust og margt er framundan. Yngri barnakórinn mun næst syngja í kirkjunni á fyrsta sunnudegi í aðventu en einnig á aðventuhátíð barnanna þann 12. desember.

Á þá hátíð kemur kór Lundarskóla í heimsókn og munu kórarnir væntanlega syngja eitthvað skemmtilegt saman. Þann 5. desember ætlar yngri kórinn svo að fara í Laufás og taka þátt í aðventugleði þar. Eldri barnakórinn, ásamt Stúlknakórnum, sló í gegn á afmælishátíð Akureyrarkirkju þann 14.

nóvember sl. með íðilfögurum söng. Kórarnir munu starfa áfram saman á aðventunni og þeir munu sjá um kvöldmessu þann 5. desember. Einnig hefur þeim boðist að syngja á tónleikum Björgvins Halldórssonar í Höllinni þann 11. desember.

Allir kórarnir munu svo taka þátt í fjölskylduguðsþjónustu á öðrum degi jóla. Þar verður fluttur helgileikur og verður mikið um dýrðir. Það er afar mikils virði að hafa allar þessar söngglöðu og frábæru stúlkur í kirkjunni og vonandi að sem flestir komi og njóti söngs þeirra á aðventunni.



Hattadagur og mikið fjör hjá yngri barnakór kirkjunnar.

Dagskráin í Akureyrarkirkju á aðventu og jólum 2010

Nóvember

Sunnudagurinn 28. nóvember, 1. sunnudagur í aðventu

Aðventuhátíð Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Yngri barnakór Akureyrarkirkju og Kór Akureyrarkirkju syngja. Mikill almennur söngur.

Desember

Fimmtudagurinn 2. desember

Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

Sunnudagurinn 5. desember,

2. sunnudagur í aðventu Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11:00.

Guðsþjónusta í kapellu kl. 11:00.

Kvöldmessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir og myndlistarkonan Æja kynna nýja jólahugvekjubók sína. Stúlknakór og eldri barnakór Akureyrarkirkju syngja.

Sunnudagurinn 12. desember,

3. sunnudagur í aðventu

Aðventuhátíð barnanna kl. 11:00.

Yngri barnakór kirkjunnar og Kór Lundarskóla syngja.

Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju kl. 17:00 & 20:00.

Miðvikudagurinn 15. desember

Tónleikar til styrktar Líknarsjóðnum

Ljósberanum í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Meðal flytjenda eru Björg Þórhallsdóttir, Kristján Jóhannsson og kórar kirkjunnar.

Sunnudagurinn 19. desember,

4. sunnudagur í aðventu

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11:00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þorláksmessa 23. desember

Kyrndar- og fyrirbæstund kl. 12:00.

Aðfangadagur, 24. desember

Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.

Miðnæturmessa í Akureyrarkirkju kl. 23:30.

Jóladagur, 25. desember

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Annar í jólum, 26. desember

Fjölskyldumessa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Messa í Kjarnalundi kl. 15:30.

Messa í Minjasafnskirkjunni kl. 17:00.

Gamlársdagur, 31. desember

Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.

Janúar

Nýársdagur, 1. janúar 2011

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Fastir liðir

Mánudagur:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag bvers mánaðar.

Priðjudagur:

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Æfing Kammerkórsins Íslandar kl. 16:30-18:00.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagur:

Mömmumorgunn kl. 9:30-11:30.

Kirkjukrakkar kl. 16:00-17:00.

TTT kl. 17:00-18:00.

ÆFAK kl. 20:00-21:00.

12 spora bópar kl. 20:00-22:00.

Fimmtudagur:

Kyrndar- og fyrirbæstund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Æfing yngri barnakórsins kl. 15:00-16:00.

Æfing eldri barnakórsins kl. 16:00-17:00.

Æfing Stúlknakórsins kl. 16:30-17:30.

Adrenalin kl. 17:30-19:30.